

# Samþykkt

## fyrir Viðvíkurhrepp um kornforðabúr til skepnufóðurs.

Sýslunefndin í Skagafjarðarsýslu hefir samkvæmt lögum nr. 24, 9. júlí 1909 og nr. 47, 10. nóv. 1913 gert eftirfarandi samþykkt fyrir Viðvíkurhrepp um kornforðabúr til skepnufóðurs.

### 1. gr.

Tilgangur forðabúrsins er að koma í veg fyrir hættu af fóðurskortri búpenings.

### 2. gr.

Forðabúrið er eign hreppsins og stendur undir umsjón forðagæslumanna eftir nánari ákvæðum hreppsnefndar. Að því leyti, sem kostnaðurinn við það er eigi lagður á kornvöruna, greiðist hann úr sveitarsjóði. Forðabúrið hefir sjerstakan reikning, og skal hann árlega sendur sýslunefnd með hreppsreikningnum.

### 3. gr.

Hreppsnefnd með ráði forðagæslumanna, lánar hreppsbúum korn úr forðabúrinu, eftir því sem þörf krefur. Sá er slíkt lán fær, greiðir um leið og hann fær heimild fyrir láninu, 2 auru fyrir hvert kílógramm korns. Gjald þetta kemur upp í kostnað við forðabúrið, og fær hann það eigi endurgoldið þó að hann taki eigi kornið.

### 4. gr.

Þá er auðsjeð er eitthvert vor, að eigi þarf meira að taka til kornsins í það sinn til skepnufóðurs, má lána kornið til manneldis.

### 5. gr.

Á vorhreppaskilum skal ákveðið, hve mikill kornforði sje til í búinu hvert ár.

## 6. gr.

104

20. ágúst

Kornlán öll úr forðabúrinu skulu borguð innan loka júlímánaðar. Korn það, sem ekki er lánað út að vorinu, skal endurnýja að sumrinu, eftir því sem þörf gjörist. Hreppsþúar skifta um kornið ókeypis eftir samkomulagi, ella eftir niðurjöfnun hreppsnefndar.

## 7. gr.

Hreppsnefnd getur trygt hreppnum kornforða með því, að semja við kaupfjelag eða kaupmann um að hafa fyrirbyggjandi ákveðinn kornforða á tímabilinu frá 1. desember til maímánaðarloka, til ráðstöfunar fyrir sveitarstjórn. Í samningnum skal kostnaður við geymslu forðans og ábyrgð nákvæmlega tiltekinn. Sje honum ráðstafað til skepnufóðurs, greiðist sá kostnaður af notendum, en að því leyti sem kornið er látið ónotað að því sinni, skal kostnaðurinn greiddur úr sveitarsjóði. Sbr. þó 2. gr. laga nr. 47, 10. nóv. 1913.

## 8. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum 2—20 kr.

Samþykkt þessi staðfestist hjermeð samkvæmt framangreindum lögum og öðlast þegar gildi.

**Í stjórnarráði Íslands, 20. ágúst 1915.**

**Einar Arnórsson.**

---

Jón Hermannsson.